28. Schulze, Gisela Brigitta Ursula, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 24. marz 1931.
29. Símonarson, Símon Birgir, sjómaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 5. júlí 1948.
30. Stórá, Signy Hergerð, húsmóðir í Kópavogi, f. í Færeyjum 15. júlí 1936.
31. Thienelt, Erika Lina Hedwig, húsmóðir á Sauðárkróki, f. í Þýzkalandi 31. júlí 1927.
32. Valtingojer, Richard, listmálari í Kópavogi, f. í Austurríki 2. ágúst 1935.
33. Vang, Hjórun Fribjörg, húsmóðir í Þorlákshöfn, f. í Færeyjum 28. ágúst 1942.
34. Viderö, Napoleon, sjómaður á Suðureyri, f. í Færeyjum 23. febrúar 1935.
35. Viderö, Sylvie Lockey, húsmóðir á Ísafirði, f. í Færeyjum 21. okt. 1943.
36. Þóra Bjarnadóttir, Hurðarbaki, Borgarfirði, f. í Reykjavík 5. febrúar 1955.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 12. maí 1970.*

**Kristján Eldjárn.**

L. S.)

*Jóhann Hafstein.*

12. maí 1970. Nr. 42.

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðasti málsliður 56. gr. laganna orðist svo:

Ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 25% lágmarksbóta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 12. maí 1970.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Eggert G. Þorsteinsson.*